

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Heimilt er að veiða 2% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, síldar, úthafsrækju, innfjarðarrækju og hörpudisks, enda dregst sá umframaflí frá við úthlutun næsta árs til viðkomandi fiskiskips í sömu fisktegund.

b. 2., 4. og 5. mgr. falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með því að fella áðurnefndar málsgreinar út úr lögunum er tekið á því vandamáli sem fylgt hefur tegundatilfærslum á undanförnum árum þar sem útgerðin hefur í reynd búið sér til sjálftökukvóta langt umfram leyfilegan úthlutaðan fiskikvóta af viðkomandi fisktegund. Svo rammt hefur kveðið að þessu að haldið hefur verið uppi miklu meira veiðiálagi á karfastofna, svo dæmi sé tekið, en úthlutað var árum saman af þessari fisktegund. Þessi ofveiði sem stórútgerðin hefur haldið uppi á karfa með þessu tegundaflakki sést best í meðfylgjandi töflu frá Fiskistofu sem sýnir að fisktegundir bátaflotans næst ströndinni hafa verið notaðar til framleiðslu á karfakvóta.

Þetta kvótahopp hefur í mörg ár, eins og sést í töflunni, orðið til þess að hér við land hefur verið haldið uppi ofveiði á karfastofninum. Mjög margir skipstjórnarmenn hafa einmitt varað við þessu á undanförnum árum, svo og samtök þeirra eins og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Fylgiskjal.

Fiskistofa:

Leyfilegur heildarafli, tegundatilfærslur¹, af lamarks og heildarafli á fiskveiðarárunum 1992/93–1998/99. Botnfishkategundir.

(Tölur fyrir tegundatilfærslu af lamarks eru nettötölun. Allar töflur miðast við lestrir og óslegðan afla þar sem það á við.
Aflatöflur fiskveiðársins 1998/99 eru braðabingðatölur)

	Fiskveiðárið 1993/94						Fiskveiðárið 1994/95						Fiskveiðárið 1995/96						
	Leyfil. heildar- afli skv. rgl. tilfærslu ¹			Heildarafli alhra skipa			Leyfil. heildar- afli skv. rgl. tilfærslu ¹			Heildarafli alhra skipa			Leyfil. heildar- afli skv. rgl. tilfærslu ¹			Leyfil. heildar- afli skv. rgl. tilfærslu ¹			
porskur	205.000	-597	240.808	155.000	-44	196.929	155.000	-93	164.113	155.000	-75	169.768							
Ýsa	65.000	-5.226	48.029	65.000	-3.306	56.171	65.000	-2.159	60.528	60.000	-2.985	53.914							
Ufsi	92.000	-3.666	76.062	85.000	-5.154	66.620	75.000	-7.504	49.919	70.000	-12.214	40.547							
Karfí	104.000	6.756	103.325	90.000	8.216	93.299	77.000	13.260	91.146	65.000	11.281	78.369							
Steinbítur	-	-	12.384	-	0	13.322	-	-	12.280	-	-	15.179							
Gráluða	30.000	5.750	34.717	30.000	2.002	28.420	30.000	-1.031	26.499	20.000	-276	22.371							
Starkoli	13.000	598	12.764	13.000	378	12.465	13.000	-217	11.320	13.000	-445	11.197							
Langtíra	-	-	1.658	-	-	1.771	-	-	1.642	-	-	1.699							
Sandkoli	-	-	3.313	-	-	4.676	-	-	5.626	-	-	6.792							
Skráplíða	-	-	1.339	-	-	1.560	-	-	4.952	-	-	6.109							
Samtals	509.000	5.005	534.399	438.000	3.604	475.233	415.000	4.307	428.026	383.000	-1.601	405.945							
	Fiskveiðárið 1996/97						Fiskveiðárið 1997/98						Fiskveiðárið 1998/99						
	Leyfil. heildar- afli skv. rgl. tilfærslu ¹			Heildarafli alhra skipa			Leyfil. heildar- afli skv. rgl. tilfærslu ¹			Heildarafli alhra skipa			Leyfil. heildar- afli skv. rgl. tilfærslu ¹			Heildarafli alhra skipa			
porskur	186.000	-100	203.811	218.000	-123	227.757	250.000	-152	254.323										
Ýsa	45.000	462	49.701	45.000	-4.698	37.799	35.000	-55	44.982										
Ufsi	50.000	-15.826	37.368	30.000	-1.006	32.692	30.000	-1.080	30.778										
Karfí	65.000	9.336	74.090	65.000	6.952	68.088	65.000	5.373	72.575										
Steinbítur	13.000	-464	11.591	13.000	-1.687	11.766	13.000	-2.998	13.084										
Gráluða	15.000	630	17.655	10.000	864	10.746	10.000	976	11.335										
Starkoli	12.000	-1.370	10.512	9.000	-678	8.238	7.000	-147	7.431										
Langtíra	1.200	183	1.300	1.100	33	995	1.100	-16	1.157										
Sandkoli	-	-	8.260	7.000	-8	6.032	7.000	-2.319	4.205										
Skráplíða	-	-	5.471	5.000	-453	3.413	5.000	-1.929	3.257										
Samtals	387.200	-3.965	419.759	403.100	316	407.526	423.100	-1.568	443.126										

¹ Heimild af lamarksskipa til að veiða umfram af lamark af tittekinni botnfishkategundi skv. 1. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Á fiskveiðárinu 1997/98 var stuðlum sem nota ber við umteikning á óslæðum þorsk-, ýsu- og ufsafla í slæðan afla breytt fr 0.8 í 0.8g.